

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi Fundargerð

113. stjórnarfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi var haldinn þriðjudaginn 15.febrúar 2022. Fundurinn var haldinn á teams.

Mætt: Björn Bjarki Þorsteinsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Guðríður Helgadóttir, Signý Jóhannesdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Bjarki bauð fundarfólk velkomið á fundinn og gengið var til dagskrár.

1) Fundargerð frá síðasta fundi lögð fram til samþykktar.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina og telst hún samþykkt.

2) Starfsáætlun fyrir 2022 lögð fram

Framkvæmdastjóri lagði fram starfsáætlun fyrir 2022. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að þjónusta markhóp framhaldsfræðslunnar, vinna að ýmsum þróunarverkefnum, markaðmálum, gæðamálum og sækja fram á fyrirtækjamarkaði. Auk þess er gert ráð fyrir að fjölga starfsgildum um 0,7 frá og með 1. sept. nk.

Samþykkt að auglýsa það sem starf án staðsetningar á Vesturlandi.

Starfsáætlunin var samþykkt samhljóða og verður birt á vef Símenntunar www.simenntun.is


3) Fjárhagsáætlun fyrir 2022 lögð fram

Framkvæmdastjóri lagði fram bráðabirgðauppgjör fyrir 2021 og fjárhagsáætlun fyrir 2022.

Skv. bráðabirgðauppgjöri fyrir þá er gert fyrir 1,5 milljóna króna tapi. Það skýrist einkum af minni tekjum en gert var ráð fyrir og skrifast það mest á aðstæður sem sköpuðust vegna Covid. Þau verkefni sem ekki náðist að vinna á árinu 2021 verða unnin árið 2022.

Áætlunin fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir tekjum og útgjöldum á pari, þ.e. hvor liður er upp á rétt rúmar 124 milljónir. Í áætluninni er gert ráð fyrir aukningu starfsgilda um 0,7 síðustu fjóra mánuði ársins. Gert er ráð fyrir að sótt verði meira á fyrirtækjamarkað m.a. með gerð fræðsluáætlana og skipulagningu fræðslu í tengslum við þær.

Fjárhagsáætlun var samþykkt en jafnframt rætt um að þörf er á að yfirfara stöðu rekstrarar ársfjórðungslega þannig að hægt væri að bregðast við breyttum aðstæðum hverju sinni..



4) Endurskoðun skipulagsskrár

Stjórn samþykkti breytingar á skipulagsskrá og var framkvæmdastjóra falið að lagfæra texta út frá samþykktum breytingum og senda út með fundarboði fyrir aðalfund 16. mars nk. Helstu breytingar sem gerðar eru:

- Breytt orðalag í takt við breyttan tíðaranda
- Endurskoðun markmiða út frá samfélagslegum breytingum
- Breytt skipun stjórnar
- Vísað í önnur lög, þ.e. lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999 í stað laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

5) Önnur mál

Minnt á að aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar verður haldinn 16. mars n.k.

Fleira ekki gert.

Björn Þjóli Þorsteinsson
Ljós Björnustadir
Hermann Ingólfsson
Sigurður Þórhallsson